

## ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/136

2024/EES/11/65

frá 18. janúar 2023

## um breytingu á tilskipun 2003/87/EB að því er varðar tilkynningu um jöfnun er varðar hnattræna markaðstengda ráðstöfun fyrir umráðendur loftfara með staðfestu í Sambandinu (\*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(2)</sup>,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Kerfi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSA) hefur verið starfrækt síðan 2019 að því er varðar vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun og er ætlað að vera hnattræn markaðstengd ráðstöfun sem miðar að því að jafna losun koltvísýrings frá alþjóðaflugi frá 1. janúar 2021 yfir föstu losunargildi með tiltekinni jöfnunarinneign.
- 2) Parísarsamningurinn <sup>(4)</sup> sem var samþykktur í desember 2015 samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) öðlaðist gildi í nóvember 2016. Aðilar að honum hafa samþykkt að halda hækkun á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu. Sú skuldbinding var styrkt með samþykkt loftslagssáttmálans í Glasgow (e. *Glasgow Climate Pact*) í nóvember 2021 þar sem ráðstefna aðilanna viðurkennir að áhrif loftslagsbreytinga verði miklu minni við 1,5 °C hækkun á hitastigi samanborið við 2 °C og einsetur sér að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 19, 20.1.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 105, 4.3.2022, bls. 140.

(2) Stjtið. ESB C 301, 5.8.2022, bls. 116.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 13. desember 2022 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 19. desember 2022.

(4) Stjtið. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 4.

- 3) Með fyrirvara um muninn á löggjöf Sambandsins og ákvæðunum í fyrstu útgáfu af IV. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningflug – kerfi til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, þar sem alþjóðlegum kröfum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSA SARP) var komið á, sem voru tilkynntar til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í kjölfar samþykktar ákvörðunar ráðsins (ESB) 2018/2027<sup>(5)</sup>, og með fyrirvara um hvernig Evrópuþingið og ráðið breyta löggjöf Sambandsins, hyggst Sambandið innleiða kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSA) með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB<sup>(6)</sup>.
- 4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1603<sup>(7)</sup> var samþykkt til að koma á viðeigandi hátt í framkvæmd reglunum í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun á losun frá flugi. Jöfnunin, í skilningi krafna og ráðlagðra starfsvenja fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, er reiknuð út á grundvelli koltvísyringslosunar sem hefur verið sannpröfuð í samræmi við þá framseldu reglugerð.
- 5) Vegna mikils samdráttar á losun frá flugi 2020 sem afleiðing COVID-19-heimsfaraldursins ákvað ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á 220. fundi sínum í júní 2020 að nota ætti losun frá 2019 sem grunnviðmið fyrir útreikning á jöfnun sem umráðendur loftfara/flugrekendur eiga að framkvæma fyrir árin 2021 til 2023. Sú ákvörðun var samþykkt á 41. þingi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í október 2022.
- 6) Losun frá flugi árið 2021 fór ekki yfir heildargildi ársins 2019. Hinn 31. október 2022 ákvarðaði Alþjóðaflugmálastofnunin að vaxtarþáttur geirans (SGF) fyrir losun árið 2021 væri jafn og núll. Vaxtarþáttur geirans er mæliþáttur í aðferðafræði kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi sem er notaður til að reikna út árlegar jöfnunarkröfur rekstraraðila. Því skal viðbótarjöfnun umráðenda loftfara/flugrekenda vera núll fyrir árið 2021.
- 7) Aðildarríki ættu að koma kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi í framkvæmd með því að tilkynna umráðendum loftfara/flugrekendum sem eru með flugrekendaskírteini sem aðildarríki gefur út og umráðendum loftfara/flugrekendum sem eru skráðir í aðildarríki um þessa jöfnun umráðenda loftfara/flugrekenda að því er varðar árið 2021 eigi síðar en 30. nóvember 2022.
- 8) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar ákvörðunar og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs hennar og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessum markmiðum.
- 9) Mikilvægt er að tryggja réttarvissu fyrir landsbundin yfirvöld og fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur að því er varðar kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi fyrir árið 2021 svo fljótt sem unnt er árið 2022. Til samræmis við það ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi án tafar.
- 10) Með fyrirvara um samþykkt tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 2003/87/EB að því er varðar framlag flugstarfsemi til markmiðs Sambandsins um samdrátt á losun sem hefur áhrif á allt hagkerfið og viðeigandi framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar er þessari ákvörðun ætlað að vera eingöngu tímabundin ráðstöfun sem á einungis að beita meðan beðið er eftir að lögleiðingartímabil þeirrar tilskipunar renni út. Ef lögleiðingartímabilið er ekki runnið út fyrir 30. nóvember 2023 og Alþjóðaflugmálastofnunin ákvarðar að vaxtarþáttur geirans fyrir losun árið 2022 sé jafn og núll ættu aðildarríkin að tilkynna umráðendum loftfara/flugrekendum að jöfnunarkröfur þeirra að því er varðar árið 2022 nemi núlli. Ef vaxtarþáttur geirans fyrir losun árið 2022 er frábrugðinn núlli ætti framkvæmdastjórnin að geta, eftir því sem við á, lagt fram nýja tillögu um útreikninga og tilkynningu um þessar nýju jöfnunarkröfur.

<sup>(5)</sup> Ákvörðun ráðsins (ESB) 2018/2027 frá 29. nóvember 2018 um þá afstöðu sem taka skal fyrir hönd Evrópusambandsins innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að því er varðar fyrstu útgáfu af alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd - kerfi til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSA) (Stjtið. ESB L 325, 20.12.2018, bls. 25).

<sup>(6)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

<sup>(7)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1603 frá 18. júlí 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar ráðstafanir sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti vegna vöktunar, skýrslugjafar og sannpröfunar á losun frá flugi í þeim tilgangi að koma hnattrænni markaðstengdri ráðstöfun til framkvæmda (Stjtið. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 10).

11) Því ætti að breyta tilskipun 2003/87/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi málsgreinum er bætt við í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB:

„6. Aðildarríki skulu tilkynna umráðendum loftfara/flugrekendum, eigi síðar en 30. nóvember 2022, að jöfnunarkröfur þeirra í skilningi 3.2.1. liðar í alþjóðlegum kröfum og ráðlögðum starfsvenjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar varðandi umhverfisvernd fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA SARPs), að því er varðar árið 2021, nemi núlli. Aðildarríki skulu senda tilkynningu til umráðenda loftfara/flugrekenda sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) umráðendur loftfara/flugrekendur eru með flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ystu svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, og
- b) árleg koltvísýringslosun þeirra er meiri en 10 000 tonn vegna notkunar á flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5 700 kg, þeir annast flug sem falla undir I. viðauka við þessa tilskipun og 3. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1603 (\*), önnur en þau sem fara frá og lenda í sama aðildarríkinu, þ.m.t. ystu svæði sama aðildarríkisins, frá og með 1. janúar 2021.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal ekki taka tillit til koltvísýringslosunar frá eftirfarandi tegundum flugs:

- i. ríkisflugi,
- ii. flugi í mannúðarskyni,
- iii. sjúkraflugi,
- iv. herflugi,
- v. flugi til slökkvistarfa,
- vi. flugi á undan eða eftir flugi í mannúðarskyni, sjúkraflugi eða flugi til slökkvistarfa, að því tilskildu að slík flug hafi verið framkvæmd með sama loftfarinu og verið nauðsynleg til að sinna tengdri starfsemi í mannúðarskyni, sjúkra- eða slökkvistarfi eða til að skipta um staðsetningu loftfarsins eftir þessa starfsemi fyrir næstu starfsemi þess.

7. Meðan beðið er eftir lagagerð um breytingu á þessari tilskipun að því er varðar framlag flugstarfsemi til markmiðs Sambandsins um samdrátt á losun sem hefur áhrif á allt hagkerfið og viðeigandi framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar, og ef tímabil fyrir lögleiðingu slíkrar lagagerðar er ekki runnið út fyrir 30. nóvember 2023, og vaxtarþáttur geirans (SGF) fyrir losun árið 2022 sem Alþjóðaflugmálastofnunin skal birta er jafn og núll, skulu aðildarríki tilkynna umráðendum loftfara/flugrekendum, eigi síðar en 30. nóvember 2023, að jöfnunarkröfur þeirra í skilningi 3.2.1. liðar í kröfum og ráðlögðum starfsvenjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, að því er varðar árið 2022, nemi núlli.

(\*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1603 frá 18. júlí 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar ráðstafanir sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti vegna vöktunar, skýrslugjafar og sannprófunar á losun frá flugi í þeim tilgangi að koma hnattrænni markaðstengdri ráðstöfun til framkvæmda (Stjtið. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 10).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Strassborg 18. janúar 2023.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

R. METSOLA

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. ROSWALL

*forseti.*

---